

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Zoom fundur

Dagsetning: 26. ágúst 2020

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR). Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG) boðaði forföll og sat Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir (SBS) sem varamanneskja.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Kynning framkvæmdastjóra
3. Opnunarviðburður
4. Staðan á Teams
5. Verkaskipting stjórnar
6. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Kynning framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu reikninga félagsins, félagatal og helstu þætti rekstrar í upphafi starfsárs. Fjölgun er á félagskonum miðað við 2019 og er umfjöllun um félagið afar góð, hvort sem um er að ræða hefðbundna miðla eða netmiðla. Mikið álag er á skrifstofu og verður fyrirsjáanlega næstkomandi vikur.

3. Opnunarviðburður

Farið var yfir opnunarviðburð FKA 3. september sem verður haldinn utandyra og með sóttvarnir í huga. Farið verður eftir 2 metra reglunni og fjöldi takmarkaður við 100 þátttakendur. Unnur og Ragnheiður verða framkvæmdastjóra til aðstoðar við framkvæmd viðburðarins.

4. Staðan á Teams

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á innleiðingu Teams og taldi að nú væri útlit fyrir að hægt væri að stofna allar nefndir og deildir á þessu samskiptaforriti til að tryggja sem best, utanumhald allra gagna og funda innan FKA. Fyrirséð að þetta verði kynnt á næstunni fyrir öllum nefndum og deildum.

5. Verkaskipting stjórnar

Rædd var verkaskipting stjórnar út frá þeim verkefnum sem fyrir liggja. Stjórnarkonur tjáðu hug sinn varðandi verkefni og hvar þeirra starfskrafta væri sem best notið. Ákveðið var að fara betur yfir hlutverk á næsta fundi stjórnar.

Sigríður Hrund óskaði eftir að láta af starfi ritara og bauð sig fram til varaformanns. Ragnheiður Aradóttir býður sig einnig fram til varaformanns. Samþykkt að fresta ákvörðun um val á rita og varaformanni til næsta fundar þegar stjórn er fullskipuð aðalmönnum.

6. Önnur mál

Stjórn FKA samþykkti að ekki yrði farið í neinar ferðir sem krefjast sameiginlegra ferðalaga og gistingar á vegum FKA út árið 2020 vegna sóttvarna. Fari félagskonur í ferðir saman er það alfarið á eigin vegum og ábyrgð og ekki undir merkjum FKA.

Fundi sliti kl. 13:30.
Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.